

4. fundur hafnarnefndar haldinn 19. júlí 2011 á skrifstofu Langanesbyggðar kl. 12:00

Mætir eru: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson, Steinn Karlsson hafnarvörður, Gunnólfur Lárusson hafnarstjóri og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundagerð á tölvu.

Formaður setti fundinn og spurði hvor einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundaboðun. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá:

1. Staða hafnarinnar á Þórshöfn

- a. Rætt um nauðsyn á dýpkun hafnarinnar, enda fyrirsjáanlegt að til Þórshafnar komi í nánustu framtíð skip til löndunar sem rista dýpra en 8 metrar og gætu þ.a.l. tekið niður á vissum stöðum í höfninni (sjá meðfylgjandi kort). Minnt á að samkv. áætlun Siglingastofnunnar átti að dýpka höfnina í 8,6 metra dýpi árið 2005 en dýptarmælingar hafa leitt í ljós að það var ekki gert og stenst höfnin ekki útgefið lágmarksdýpi Siglingastofnunnar. Því er brýnt að staðið verði við áætlanir enda, ljóst er að stór og djúpristandi skip munu ekki hætta á að koma inn til löndunar verði ekki gerðar úrbætur, með tilheyrandi tekju- og atvinnumissi fyrir sveitarfélagið.
Samþykkt að fara fram á það við Siglingastofnun að grafið verði niður á a.m.k. 9 metra lágmarksdýpi, sem allra fyrst.
- b. Rætt um möguleika að láta teikna nýtt þil vegna lengingu hafnarkants um 50-100 metra til austurs með tilheyrandi dýpkun á því svæði.
Samþykkt að fara fram á það við Siglingastofnun að grafið fyrir þilinu um leið og höfnin verður dýpkuð.
- c. Hafnarstjóra falið að hafa samband við Siglingastofnun vegna málsins, sem og þingmenn til að tryggja málinu skjótan framgang.

2. Staða hafnarinnar á Bakkafirði

- a. Rætt um ýmsar aðkallandi úrbætur, m.a. dýpkun á ýmsum stöðum í höfninni.
Samþykkt að skoða kosti til dýpkunar, m.a. að dýpka höfnina um leið og farið verður í ofangreindar framkvæmdir á Þórshöfn.

Fundargerð upplesin. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fleira ekki gert og fundagerðin upplesin og samþykkt
Fundu slitið kl. 13.00.